

## Opnunarávarp á Ferðamálapingi 2013 , 2. október



Ágætu ráðstefnugestir!

Það er mér sérstök ánægja að ávarpa ykkur á Ferðamálapingi 2013 hér á Selfossi - hér í kjördæminu mínu þar sem uppgangur ferðapjónustunnar hefur verið viðvarandi til langs tíma og uppbygging hótelsins sem við erum stödd á nú ber til dæmis vott um.

Þá er ekki síður ánægjulegt að sjá fjöldann hér í dag og verða þess áskynja hversu mikil gróska er í ferðapjónustu á Íslandi. Ég hef á undanförunum vikum fengið að fylgja ykkur ferðapjónustuaðilum eftir á allmörgum fundum og ráðstefnum þar sem ýmsar hliðar greinarinnar hafa verið ræddar. Frá því að ég tók við embætti í vor fullyrði ég að enginn málaflokkur hefur tekið jafn mikið af tíma mínum eins og ferðapjónustan. Greinin iðar af lífi og verkefni eru mörg og krefjandi.

Stóra verkefnið snýr að því að finna leiðir til að fjármögnunar á uppbyggingu ferðamannastaða – bæði til viðhalds á núverandi áfangastöðum sem og til uppbyggingar á nýjum stöðum til þess að dreifa álaginu

betur. Ég þarf ekki að fara mörgum orðum í þennan hóp um þá gríðarlegu aukningu sem verið hefur á ferðamönnum til landsins á undanförunum árum. Þið þekkið þessar tölur eins vel og ég. Og miklu betur.

Að þessu hefur markvisst verið unnið í allt sumar. Í ágúst sl. var settur á fót vinnuhópur innan ráðuneytisins og með fulltrúa frá umhverfisráðuneytinu, sem fékk það hlutverk að kortleggja ferðaþjónustuna og þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um hvernig best sé að haga þessari fjármögnun. Jafnframt var hópnum falið að móta tillögur hvað varðar skipulagningu og útdelingu fjár til ferðamannastaða. Byggir sú vinna á viðamiklum upplýsingum sem hópurinn aflaði, meðal annars eftir samráð við fulltrúa greinarinnar og eins voru til grundvallar lagðar ýmsar skýrslur um málið sem unnar hafa verið á undanförunum misserum, frá Boston Consulting Group, Gekon, Alta sem unnin var fyrir Ferðamálastofu, skýrslu PKF sem unnin var fyrir Íslandsstofu o.fl.

Vinnuhópurinn hefur nú lokið störfum og skilað minnisblaði til mín þar sem reifaðar eru þær leiðir sem í boði eru. Ég hef þetta nú til skoðunar og stefni að því að fara með málið fyrir ríkisstjórn á næstu dögum. Ég tel afar mikilvægt að breið pólitísk samstaða verði um þá leið sem farin. Ég mun ennfremur leita eftir góðu samstarfi við greinina sjálfa, hagsmunaaðila, sveitarfélög og önnur ráðuneyti í þeirri vinnu sem framundan er við útfærsluna. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp í upphafi vorþingsins þannig að hægt verði að lögfesta nýtt fyrirkomulag fyrir næsta sumar. Ég hef þó ávallt ítrekað þann fyrirvara að mestu skiptir að vandað sé til verka.

Annað brýnt verkefni og stórt sem ég legg mikla áherslu á og sett var í gang í ráðuneytinu í byrjun sumars er einföldun regluverks. Hér er um að ræða verkefni sem tengist inn í allar atvinnugreinar og ekki síst ferðaþjónustuna.

Ég hef einmitt oft nefnt dæmi um stofnun fyrirtækis í ferðaþjónustu og leyfafrumskóginn sem þar var farið í gegnum þegar rætt er um hvað betur mætti fara.

Ég vil því deila stuttri sögu með ykkur: Tvenn hjón stofnuðu lítið ferðaþjónustufyrirtæki fyrir nokkrum árum. Þau starfrækja dæmigert lítið fyrirtæki og bjóða upp á gistingu, matsölu og vínveitingar, hestaferðir, gönguferðir og rútuferðir upp á hálendið.

Þegar kom að því að stofna fyrirtækið þurftu þau að sækja um 55 leyfi hjá 7 opinberum stofnunum. Oft var um sömu upplýsingarnar að ræða sem skila þurfti inn hjá mismunandi stofnunum og því eðlilegt að spurt sé hvort svo umfangsmikla skriffinsku þurfi til að setja á fót lítið fyrirtæki?

Í máli þeirra kom fram að þeim hafi á tímabili þótt þetta ferli yfirþyrmandi en einn af stofnendunum hafði nánast fulla vinnu af þessu í nokkrar vikur. Hver leyfisumsókn samanstóð af mörgum skjölum eða „undirleyfum“ og að þeirra sögn fylltu þau út á milli 50 og 60 skjöl í heildina tengd þessu ferli og öfluðu að auki umsagna eða undirleyfa hjá u.þ.b. 20 aðilum.

Oft hafi þurft að handskrifa umsóknirnar og í nokkrum tilfellum þar sem umsóknir voru rafrænar hafi það borið við að ekki væri hægt að vista umsóknirnar, þannig að ef einhverju hafi þurft að breyta hefði þurft að byrja upp á nýtt.

Þau sögðust oft hafa haft á tilfinningunni að sum af þessum gögnum hefðu lítinn tilgang og væru ekki nýtt þegar kæmi að því að meta umsóknina. Þeim fannst einnig á skorta að þeir aðilar sem þau áttu í samskiptum við leiðbeindu þeim betur í gegnum kerfið.

Þetta er bara eitt dæmi og mörg ykkar hér þekkið eflaust til einhver sambærileg. Það er alveg á hreinu út frá mínum bæjardryrum séð að hér má gera betur – miklu betur! Það er hagur okkar allra að nýta kraftinn í einkaframtakinu til þess að ýta undir hagvöxt og auka gjaldeyrstekjur. Tækifærin verða til og kerfið má ekki vera fráhrindandi þegar kemur að því að nýta þau til verðmætasköpunar og atvinnuuppbyggingar.

Það er á þeim grunni sem verkefnið um einföldun regluverks er byggt og ég vil nota tækifærið hér til að biðja ykkur öll um að koma að þessu verki með okkur til að sjá hvar betur má gera, hvar hindranir eru og til að finna lausnir. Í mínum huga eiga þessir hlutir að vera einfaldir en á sama tíma uppfylla nauðsynlegar kröfur, t.d. hvað varðar neytendavernd eða öryggismál. Slíkt hlýtur að vera hægt tryggja án þess að þurfa að fara í sjö stofnanir með 55 skjöl til að hefja lítinn atvinnurekstur. Það hlýtur bara að vera!

Þó svo að ég vilji einfalda regluverk og leyfismál vegna atvinnureksturs þá tek ég skýrt fram að það er á engan hátt hægt að sætta sig við að fyrirtæki fari á svig við gildandi reglur og séu rekin án tilskilinna leyfa. Svört atvinnustarfsemi er vandamál í íslensku þjóðfélagi sem nauðsynlegt er að ráðast gegn og þar er ferðapjónustan ekki undanskilin frekar en aðrar atvinnugreinar.

Alþingi samþykkti í sumar að falla frá hækkun virðisaukaskatts á gistingu og frekari skattalækkanir eru á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar, meðal annars á tryggingagjaldi sem snertir atvinnulífið allt. En til þess að hægt sé að lækka skatta frekar og laga til í skattkerfinu skiptir máli að allir séu að leggja til samfélagsins – því þurfum við að leggjast á eitt við að uppræta þá meinsemd sem svört atvinnustarfsemi er.

Lög um gististaði, veitingastaði og skemmtistaði og lög um bílaleigur voru færð í vor til iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins frá innanríkisáðuneytinu. Hafin er vinna í ráðuneytinu við endurskoðun þessara laga og má í því samhengi einnig nefna, einföldun leyfisveitinga, svarta atvinnustarfsemi og leyfislausan rekstur. Nýleg dæmi úr fréttum í sumar gefa fullt tilefni til að lög um bílaleigur verði teknar til endurskoðunar og þá skiptir ekki síst máli að regluverkið sé þannig að það tryggi fyrst og síðast neytendavernd og öryggi.

Mikið hefur verið fjallað um mikilvægi rannsókna og hagtalna fyrir íslenska ferðapjónustu. Ráðuneytið hefur um árabil verið með sérstakan samning við Hagstofu Íslands um hliðarreikninga í ferðapjónustu. Í sumar var undirritaður samningur á milli ráðuneytisins og Hagstofunnar um samantekt tölfræðilegra upplýsinga frá fyrsta ársfjórðungi 2009 til fyrsta ársfjórðungs 2013 um fjölda starfa í ferðapjónustu og um þjónustutekjur íslenskra fyrirtækja vegna erlendra ferðamanna á Íslandi þannig að hægt verði að mæla útflutning á ferðapjónustu. Auk þess sem Hagstofan mun taka saman og birta árstölur um fjölda starfandi og þjónustutekjur vegna erlendra ferðamanna á Íslandi árin 2009 til 2012. Hagstofan mun síðan halda áfram að taka saman þessar upplýsingar og birta reglubundið.

Í gærmorgun var svo kynnt skýrsla Ferðamálstofu og KPMG undir yfirskriftinni „Þörfin fyrir rannsóknir í íslenski ferðapjónustu.“

Ég fagna mjög gerð skýrslunnar og því samtali sem þar átti sér stað við hagsmunaaðila í ferðaþjónustunni við að kortleggja þá þætti sem í henni koma fram. Þar eru atriði á borð við þolmörk ferðamennsku, arðsemi ferðaþjónustunnar, virðisreðu ferðaþjónustunnar, ferðaþjónustu framtíðarinnar og samfélagsleg áhrif ferðaþjónustunnar – svo eitthvað sé nefnt.

Ég held að við getum öll verið sammála um að mikilvægt sé að fá betri upplýsingar um þessa þætti og aðra sem fjallað er um í skýrslunni. Næstu skref felast í því að finna leiðir til að afla þessara upplýsinga og þar þurfum við að finna fjármagn og forgangsraða því vinnan er kostnaðarsöm og mikilvægt að upplýsingarnar komi í rétttri röð.

Ágætu fundargestir!

Það er eins og að predika yfir kórnum að tala hér um þróunina í ferðaþjónustu á undanförunum áratug. En árangurinn er slíkur að ekki er annað hægt en að minnast á hann í nokkrum orðum.

Hingað til lands komu 300.000 ferðamenn árið 2003 og nú sjáum við fyrir að hingað komi um 800.000 ferðamenn í ár. Spár benda til að ferðamenn til Íslands gætu hugsanlega farið yfir 1.000.000 árið 2016. Ferðaþjónustan stefnir í að verða sú grein sem skapar mestar gjaldeyrstekjur fyrir þjóðarbúið. Það eru stór tíðindi.

En hverju ber að þakka? Þar er stórt spurt og svörin mörg. Þó svo að fall fjármáلامarkaða haustið 2008 hafi leitt af sér mikla erfiðleika fyrir íslenskan almenning og fyrirtæki skapaði efnahagslæggðin jafnframt ný tækifæri. Uppvöxtur ferðaþjónustu hefur verið stöðugur síðan enda hagstætt fyrir erlenda ferðamenn að koma hingað og njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða.

Annar stórvíðburður vorið 2010 varð einnig til þess vekja athygli og áhuga á Íslandi. Eldgosið í Eyjafjallajökli olli íbúum svæðisins miklum vandræðum, en á meðan því stóð og í kjölfarið var heimsbyggðin rækilega minnt á litla Ísland. Eyjafjallajökull heldur áfram að koma okkur á kortið og þessa dagana er verið að hefja sýningar á samnefndri mynd í Frakklandi þar sem mér skyldst að söguþráðurinn snúist um ástarævintýri sem hefst vegna vandræða með flug á meðan á gosi stóð. Við þökkum Frökkum hér með fyrir þátttöku í markaðsstarfi okkar.

Herferðin Inspired by Iceland eða Ísland allt árið hefur vakið verðskuldaða athygli en markmið herferðarinnar hefur verið að fjölga ferðamönnum til Íslands yfir vetrartímenn. Hverju sem er að þakka er ljóst að árangur hefur náðst í að fjölga ferðamönnum yfir vetrartímenn. Athygli hefur verið vakin á fjölda nýrra staða og landsmenn verið virkjaðir til þátttöku í kynningu á landinu.

Í ár er leitast við að svara kalli frá landsbyggðinni um jafnari dreifingu ferðamanna og að fá tækifæri til að vekja athygli á minni stöðum eða stöðum úr alfaraleið. Þó þemað sé „leyndarmál“ er alls ekki verið að beina sjónum sérstaklega að leyndum náttúruperlum. Leyndarmálin geta verið þorp eða kirkjur, söfn, verlanir eða kaffihús svo dæmi séu nefnd, en einhverjir hafa haft áhyggjur af því að einstakar náttúruperlur sem ekki þoli ágang verði fyrir barðinu á herferðinni. Þær áhyggjur tel ég óþarfar.

Ísland - allt árið átti upphaflega að vera til þriggja ára og þær raddir hafa heyrst að nú sé nóg komið og hreint ekkert á átakinu að græða. Í fjárlagafrumvarpinu sem lagt var fram í gær er hins vegar gert ráð

fyrir áframhaldi Íslands - allt árið, þó með heldur lægri fjárveitingu í samræmi við þá aðhaldskröfu sem gerð er til stofnana á vegum ríkisins. Ég tel afar mikilvægt að þessu starfi verði haldið áfram og vænti mikils af góðu samstarfi við fyrirtæki innan greinarinnar hér eftir sem hingað til. Einnig er gert ráð fyrir því í fjárlagafrumvarpinu að Iceland Naturally verkefnið, sem falla átti niður, verði framhaldið til þriggja ára.

Sú mikla aukning sem átt hefur sér stað í flugi til og frá landinu hefur einnig spilað stórt hlutverk við að tryggja aukinn fjölda ferðamanna og þá má ekki gleyma að nefna þá miklu fjárfestingu sem átt hefur sér stað í innviðum ferðaþjónustunnar á undanförunum árum. Allt tvinnast þetta vissulega saman og hefur skapað þann frábæra árangur sem við horfum á í dag.

Góðir ráðstefnugestir!

Ég gæti haft mörg fleiri orð um gildi og vöxt ferðaþjónustunnar. En tel þó réttara að þið sem hingað eruð komið fáið að taka við boltanum enda af nógu að taka. Yfirskrift ráðstefnunnar í ár: „Ísland – alveg milljón!“ á vel við og ég óska ykkur öllum góðs gengis við að ræða skipulag, samstarf og framtíðarsýn í íslenskri ferðaþjónustu það sem eftir lifir dags.

Ég hlakka til að vera með ykkur hér aðeins áfram og ræða við ykkur það sem á ykkur brennur og vil fullvissa ykkur um að í ráðuneyti ferðamála erum við til þjónustu reiðubúin.